

Fundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar fimmtudagskvöldið 16. Janúar 2014 og hófst kl 20:00

Mættir: Ævar Rafn Marinósson, Hafliði Jónsson, Sigríður Gamalíelsdóttir, Kristján Indriðason, Indriði Þóroddsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fjallskil.

Farið yfir þær breytingar sem bárust.

Fjallskilamálin rædd og niðurstaða fjallskila. Árið 2013 spöruðust einhver dagsverk og á móti komu nokkur aukadagsverk. Niðurstaða fjallskila er að fjallskilin eru rekin með tapi um tæp 100 þúsund krónur.

Fyrirliggjandi niðurstaða fjallskila lögð fyrir fundarmenn og samþykkt samhljóða.

2. Álagning 2014 rædd.

Fundarmenn telja réttar að leggja á alla bílana sem fara í göngur eða sleppa því alveg. Þetta þarf að hafa í huga við næstu álagningu.

3. Réttarmál.

Rætt hvar er þörf á því að lagfæra réttir og hólfr.

- Talið nauðsynlegt að endurnýja réttina í Miðfjarðarnesi.
- Þyrfti að útbúa hólfr við brúnna á Kverkártungu þar sem hægt væri að ná fé og keyra í burtu eða geyma yfir nótt. Ekki hægt að taka það sem gefið að hægt sé að fara í Saurbæjarheiðina daginn eftir.

Landbúnaðarnefnd ákvað að gera kostnaðaráætlun fyrir þessar lagfæringar á hólfrum og réttum sem hún telur nauðsynlegar og senda á sveitarstjórn sem fyrst.

4. Hreindýraveiðar.

Rætt um þá stöðu sem bændur standa frammi fyrir í dag með ágang hreindýra í Langanesbyggð. Málið rætt frá mörgum hliðum. Nauðsynlegt að fá fund um þessi mál í vetur og fara yfir þetta.

5. Gangnakofar.

Nauðsynlegt að fara að marka stefnu um gangnakofa í Langanesbyggð. Nefndarmenn telja alla þessa kofa sem eru í heiðunum í dag ónýta.

Hugsanlega mætti sameina kofana í Austurheiði og Kverkártungu.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 22:06